



### REGLUGERÐ FYRIR TÓNLISTARSKÓLANN Á AKUREYRI

1. gr. Skólinn heitir Tónlistarskólinn á Akureyri. Skólinn er eign Akureyrarbæjar og fer bæjarstjórn Akureyrar með yfirstjórn hans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.
2. gr. Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs á Akureyri. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því:
  - að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna.
  - að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
  - að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi.
  - að búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist
  - að gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun.
  - að styðja kennara skólans til tónleikahalds
3. gr. Skólanefnd grunnskólanna fer með yfirstjórn skólans í umboði bæjarstjórnar eins og tilgreint er í "samþykkt um stjórn Akureyrarbæjar".
4. gr. Bæjarstjórn ræður skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og aðstoðarskólastjóra / rekstrarstjóra að fengnum tillögum skólastjóra. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn. Starfsmenn skólans starfa samkvæmt starfslýsingum sem skólanefnd ákveður.
5. gr. Heimilt er að ráða rekstrarstjóra eða aðstoðarskólastjóra í allt að 2/3 starfs. Skólastjóri skiptir verkum með sér og þessum starfsmönnum og leggur starfslýsingar þeirra fyrir skólanefnd til samþykktar.
6. gr. Deildarstjóra skal ráða ef kennslustundafjöldi í deild nær 70 á viku og kennarar í deildinni eru 3 eða fleiri. Heimilt er að ráða deildarstjóra þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt ef skólastjóri telur umsjónarstarf í deildinni umfangsmikið. Deildarstjóri er ráðinn úr hópi kennara skólans til tveggja ára í senn og skal starfið hafa verið auglýst áður innan skólans. Endurráðning er heimil að undangenginni auglýsingu. Skólastjóri ræður deildarstjóra úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn fundar kennara sem kenna á viðkomandi hljóðfæri eða hljóðfæraflokk.
7. gr. Deildarstjórafundir skal halda ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði á starfstíma skólans. Þá sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri/rekstrarstjóri og deildarstjórar ásamt umsjónarmönnum þeirra deilda sem eru of litlar til að deildarstjóri sé settur yfir þær. Deildarstjórafundir fjalla um samræmingu á starfi deildanna, starfsáætlanir, tónleika, námskeið og sameiginlegan kennslubúnað og eru skólastjórnendum til ráðuneytis um starf skólans milli kennarafunda.



## Akureyrarbær

8. gr. Kennarafundur er skólastjórnendum til ráðuneytis um starf skólans. Kennarafundi skal halda ekki sjaldnar en 4 sinnum á starfstíma skólans. Skólastjóri boðar til kennarafunda með dagskrá og tilnefnir fundarstjóra og ritara sem færir gjörðabók kennarafunda. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi. Skylt er stundakennurum að sækja kennarafund ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Skylt er að halda kennarafund ef minnst 1/4 hluti fastra kennara æskir þess.
9. gr. Stofna má foreldrafélög við deildir skólans. Formenn allra foreldrafélaga mynda foreldraráð sem getur tilnefnt 1 fulltrúa á kennarafundi með málfrelsi og tillögurétti um innri málefni skólans. Á sama hátt má stofna nemendafélög sem geta myndað nemendaráð.
10. gr. Starfstími skólans er 9 mánuðir frá 1. september ár hvert. Leyfi yfir starfstímann, viðverutími starfsmanna og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi.
11. gr. Rekstur skólans skal kosta með fjárveitingum á fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar og skólagjöldum nemenda. Skrifstofa Akureyrarbæjar annast greiðslu launa og rekstrarreikninga svo og bókhald Tónlistarskólans á Akureyri.
12. gr. Skólagjöld eru ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum skólanefndar. Við innritun skal ganga frá greiðslu skólagjalda.
13. gr. Skólastjóri setur skólanum starfsreglur sem kveða á um ástundun, árangur og umgengni nemenda. Reglurnar skulu settar að fenginni umsögn kennarafundar, foreldraráðs og samtaka nemenda og þurfa samþykki skólanefndar.
14. gr. Rétt til skólavistar hefur hver sá er áhuga hefur á tónlistarnámi því sem skólinn býður upp á með eftirtöldum frávikum:
  - a. Þurfi að takmarka fjölda nemenda á einstökum námssviðum er skólanum m.a. heimilt að beita hæfnisprófum og breyta auglýstu kennslufyrirkomulagi.
  - b. Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu. Úrskurði skólastjóra má skjóta til skólanefndar.

*Samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar hinn 28. apríl 1998*